

Alþingi
Erindi nr. P 139/218/
komudagur 2.5.2011



Reykjavík 2. maí 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b.t. Kristjana Benediktsdóttir

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum og lögum nr. 15/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum – þingmál nr. 720 – þskj. 1244.


Norðurál ehf. er móðurfélag einkahlutafélaganna Norðurál Grundartangi ehf. og Norðurál Helguvík ehf., sem bæði hafa gert fjárfestingasamninga við ríkisvaldið vegna stórra framkvæmda hér á landi á þeirri forsendu að virkjunaraðilar séu ekki settir undir tímamörk að því er varðar nýtingu orkuauðlinda. Samningur vegna álvers á Grundartanga var undirritaður 7. ágúst 1997, sbr. lög nr. 62/1997. Fjárfestingasamningur vegna álvers í Helguvík er dagsettur 7. júlí 2009, sbr. lög nr. 51/2009.

Nýting þeirra auðlinda sem frumvarpið nær til byggist í flestum tilvikum á miklum fjárfestingum í mannvirkjum, miðast ákvarðanir um verkefni af þessu tagi við það eðlileg tímamörk séu til staðar að því er varðar nýtingu orkuauðlindanna. Með lögum nr. 58/2008 var lögum þeim sem hér er lagt til að breytt verði á nýjan veg breytt á þann veg að nýtingarrétti voru sett 65 ára tímamörk. Nú er lagt til að tímamörk þessi verði þrengd verulega, annarsvegar færð niður í 40 ár í vatnalögum að því er vatnsaflsvirkjanir varðar og hinsvegar niður í 30 ár varðandi jarðvarmavirkjanir. Norðurál telur að þessi nýju tímamörk geti ekki talist eðlileg þar sem þau eru miklu styttri en eðlilegur nýtingartími umræddra orkumannvirkja og mun styttri en endingartími mannvirkja Norðuráls. Rekstur mannvirkja Norðuráls byggir á áframhaldandi starfsemi viðkomandi orkumannvirkja.

Norðurál ehf., vegna dótturfélaga sinna gerir alvarlegar athugasemdir við þessa fyrirhuguðu breytingu, þar sem þær geta augljóslega raskað forsendum þeirra verkefna sem ofangreindir fjárfestingasamningar byggja á. Í 16. gr. fjárfestingasamnings vegna álvers á Grundartanga og í 14. gr. samnings vegna álvers í Helguvík skuldbinda íslensk stjórnvöld sig til þess að grípa ekki til neinna aðgerða er haft geti neikvæð áhrif á þau verkefni sem samningar þessir fjalla um.

Samkvæmt ofanrituðu gerir Norðurál ehf., vegna dótturfélaga sinna, athugasemdir við annars vegar a. lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins og hins vegar a. liðar 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins og telur þær skaðlegar fyrir þær fjárfestingar sem eigendur þessara félaga hafa staðið að hér á landi.

Virðingarfyllst,


Ragnar Guðmundsson, forstjóri